

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Tjaldsvæði í Kalmansvík, deiliskipulag.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 12. maí 2020 deiliskipulag fyrir tjaldsvæði við Kalmansvík. Verið er að skilgreina útivistar- og tjaldsvæði við Kalmansvík. Á deiliskipulagssvæðinu er gert ráð fyrir svæðum fyrir tjöld, ferðavagna og þjónustumiðstöð, ásamt gistiskála og minni gisti-hýsum. Aðkoma að svæðinu er frá Kalmansbraut. Við gerð deiliskipulagsins voru gerðar minniháttar breytingar á skipulagsmörkum deiliskipulags Ægisbrautar, deiliskipulagi norðan Esjubrautar og deiliskipulagi Smiðjuvalla. Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 24. febrúar 2021.

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 25. febrúar 2021